



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Umræðuskjal

nr. 6/2017

Drög að reglum um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða verklag sem fylgja skal við mat á lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 30. mars nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna regludraga þessara.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“.
Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

9. mars 2017

REGLUR

um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða verklag sem fylgja skal við mat á lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um starfsemi innlendra váttryggingafélaga og starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

2. gr.

Verklag sem fylgja skal við mat á lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar.

Í 8. mgr. 44. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi segir að noti váttryggingafélag lánshæfismat lánshæfismatsstofnunar við útreikning á váttryggingaskuld og gjaldþolskröfu skuli það vera hluti af áhættustýringu félagsins að meta hvort lánshæfismatið eigi við með því að nota aðrar aðferðir við mat verði því við komið í því skyni að draga úr sjálfvirkum áhrifum utanaðkomandi aðila. Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2015 er mælt fyrir um verklag sem fylgja skal við mat á því hvort lánshæfismat utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar sé viðeigandi.

3. gr.

Birting tæknilegra staðla.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2015 frá 11. nóvember 2015 sem mælir fyrir um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða verklag sem fylgja skal við mat á lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar.

Fjármálaeftirlitið vísar til birtingar enskrar útgáfu af framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2015 í Stjórnartíðindum ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1486371661857&uri=CELEX:32015R2015>

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild í 9. mgr. 44. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, xx. mars 2017